

Sp.

92. Tillaga til þingsályktunar

um útvegum á efni til virkjunar Andakílsár í Borgarfjarðarsýslu.

Flm.: Pétur Ottesen, Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, með fjárframlagi úr ríkissjóði eða lántöku og ábyrgð fyrir hönd ríkissjóðs, að hafin verði smíði á vélum og nauðsynlegu efni í fyrirhugaða virkjun Andakílsár.

Jafnframt fellur niður heimild sú, er ríkisstjórninni var veitt með þingsályktun um sama efni frá 12. apríl 1943.

G r e i n a r g e r ð .

Breyting sú, sem lagt er til, að gerð verði á þingsályktunartillögu þessari, er sú ein að fella niður úr tillögunni, að efniskaupin fari fram í Bandaríkjunum. Það hefur komið í ljós, að ódýrara er að kaupa efni til virkjunarinnar frá Svíþjóð.

Rétt þykir að láta það vera óbundið í tillögunni, hvar efnið sé keypt.